Miðflokkurinn í Kópavogi ítrekar tillögu sína um óháða stjórnsýsluúttekt á umhverfissviði Kópavogsbæjar.

Tillagan var lögð fram í bæjarráði 2. júlí síðastliðinn og vísað til umsagnar bæjarstjóra. Nú eru liðnar tæplega ellefu vikur frá þeirri afgreiðslu án þess að umsögn hafi verið lögð fram.

Í ljósi þeirra mála sem komið hafa upp að undanförnu telur Miðflokkurinn mikilvægt að málið fái afgreiðslu án frekari tafa og óskar eftir upplýsingum um hvenær umsagnar bæjarstjóra megi vænta.

Einar Jóhannes Guðnason
Bæjarfulltrúi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026